

**Mýrdalshreppur**  
**Austurvegi 17**  
**870 Vík**  
[myrdalshreppur@vik.is](mailto:myrdalshreppur@vik.is)

### **Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028**

Undirrituð Erla Bil Bjarnardóttir kt. 130447-3339 geri hér með athugasemdir að tillögu við aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Ég hef hagsmuna að gæta sem eigandi lóðar og hús í Reynisholti í Reynishverfi (fasteignanr. eignar: 2188376) sem liggur nærri fyrirhugaðri veglínu samkvæmt skipulagstillögunni. Bústaður minn var reistur fyrir 25 árum, en ég hef dvalið um lengri eða skemmri tíma í Mýrdal frá árinu 1957.

#### **Votlendi í Mýrdal**

Örnefnið Mýrdalur, sem sveitarfélagið dregur nafn sitt af, á við mið Mýrdal, sem á nú að eyðileggja með lagningu þjóðveggar yfir votlendið. Stýrihópur sveitarstjórnar er vinnur að aðalskipulaginu telur votlendið ekki merkilegt og bendir sífellt á að það sé raskað. Jú, því var raskað fyrir um fimm áratugum með framræslu, en er forblautt í dag.

*Gæti votlendi mið Mýrdals norðan Dyrhólaóss átt við hugtakið „hálf villt náttúra“ svo vitnað sé til Hvítbókar Umhverfissráðuneytisins útg. 2011?*

Af hverju eru einungis merkt votlendi á aðalskipulagstillögunni ofan heiðarbrúna?

Í öðrum sveitarfélögum þykir það akkur að geta sýnt fram á votlendi við vinnslu aðal- og/eða deiliskipulags, en því er ekki að heilsa við þessa skipulagsgerð.

Votlendi mið Mýrdals með Dyrhólaós og Dyrhólaey mynda landlagsheild sem ábyrgðarhluti er að skera í sundur með lagningu þjóðveggar.

**Við gerð umhverfisskýrslu** skorti nauðsynlega á breidd í aðkomu heimamanna og var ekki gerð tilraun til að leita eftir þekkingu og sjónarmiðum frá mismunandi áhrifasvæðum sem eðlilegra hefði verið með hliðsjón af almennum kröfum um lýðræðisleg vinnubrögð og í ljósi langvarandi deilna um þessi mál. Í matsteymi umhverfismats voru valdir þrír heimamenn í þeim yfirlýsta tilgangi að ljá sérfræðingum matsteymisins staðþekkingu. *Allir eru þeir hinsvegar þekktir baráttumenn fyrir umræddri breytingu á veglínu og búa allir í Víkurþorpi.*

#### **Tillaga að breyttri legu þjóðveggar 1 – veglínan**

Veglínan eykur til muna land sem ætlað er undir samgöngumannvirki á svæðinu, sem nemur nærri 60 hekturum, þrátt fyrir að Mýrdalur sé mjög landþröngur og skammt sé milli fjalls og fjöru. Veglínan skerðir sömuleiðis verulega landbúnaðarland frá og með Hryggjalandi, eftir endilöngu Dyrhólahverfi, ofan Dyrhólaóss og þvert í gegnum Reynishverfi. Hún liggur á mörkum og/eða innan svæðis á náttúruminjaskrá þar sem eru leirur, mýrar og annað votlendi við Dyrhólaós sem nýtur verndar samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Veglínan spillir landsvæði

sem varðveita ber sem eina heild sbr. umsagnir frá Umhverfisstofnun og fleiri umsagnaraðilum sem áður hafa borist um svipaða tillögu.

Færsla þjóðvegjar niður undir sjó sunnar Víkurþorps vekur einnig spurningar um öryggi vegfarenda, einkum ef til koma flóð af völdum eldgosa, ölduróts í óveðrum og hækkandi sjávarstöðu með hlýnandi loftslagi.

### **Umhverfisskýrslan**

Við lestur umhverfisskýrslunnar kemur fram m.a. að færsla þjóðvegjarins er í ósamræmi við mörg leiðarljós og markmið skipulagsvinnunnar með vegagerð á láglendi Mýrdals „*mun koma til með að raska votlendissvæðum og landbúnaðarlandi*“, og „*Hringvegur á milli Víkurfjöru og þorpsins er líklegur til að skerða aðgengi að fjörunni að hluta og vera verulega áberandi mannvirki*“.

Í skýrslunni er fjallað um óvissu um umfang áhrifa, sem eðlilegt er í ljósi skorts á rannsóknum á náttúru og umhverfi, en þrátt fyrir það er niðurstaða skipulagsvinnunnar að óvissan sé ekki það mikil að hún takmarki möguleika til að taka ákvörðun um legu vegar, og er varúðarreglan um að náttúran skuli njóta vafans hvergi nefnd á nafn í skýrslunni.

Það verður að teljast verulega ámælisvert að varúðarreglunar um að náttúran skuli njóta vafans skuli hvergi getið í skýrslunni og að hún virðist ekki að neinu leyti lögð til grundvallar rökstuðningi fyrir niðurstöðum matsvinnunnar.

### **Eftirfarandi eru helstu áherslur að athugasemdum við skipulagstillöguna að:**

Ljóst má vera að færsla þjóðvegjar 1 samkvæmt aðalskipulagstillögunni niður undir sjó fyrir opnu úthafi og í göngum í gegnum Reynisfjall er óraunhæf. Má benda á eftirfarandi atriði því til stuðnings:

- Vegagerðin leggst eindregið gegn þessari hugmynd. Þetta kom skýrt fram í umsögn Vegagerðarinnar, dags. 2. júlí 2009 um aðalskipulagstillöguna 2009-2025. *Þetta sjónarmið Vegagerðarinnar hefur ekki breyst.*
- Framkvæmdin er ekki í tillögu að samgögnuáætlun 2011-2022.
- Vegagerðin metur það svo að jarðgöng í gegnum Reynisfjall komi ekki næstu 25 árin.
- Í 29. grein Vegalaga nr. 80/2007 segir: „*Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun*“.
- Ekki virðist álit sérfræðinga matsteymis hvers um sig koma skýrt fram í drögum umhverfisskýrslu dags. okt. 2011, heldur birt gegnum ritara VSÓ Ráðgjafa, sem er ótrúverðugt. Stýrihópurinn gerir ekki ráð fyrir að sérfræðingar matsteymis skili inn eigin álitni við vinnslu aðalskipulagsins. Enginn fuglafræðingur er í matsteyminu.
- Í engum af umsögnum lögboðinna umsagnaraðila við aðalskipulagstillögu Mýrdalshrepps 2009 – 2025 er lýst stuðningi við fyrirhugaða nefnda veglínu 3.

- Með auglýsingu aðalskipulagstillögunnar 2009 – 2025 voru sjónarmið Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar, auk samtaka um náttúruvernd og margra einstaklinga og landeigenda virt að vettugi og gengið eins langt gegn sjónarmiðum þessara aðila eins og mögulegt er.
- Uppbyggður „láglandisvegur“ hefur sjónmengun og hlóðmengun í för með sér bæði í byggðum dreifbýlis og í þorpinu. Vegurinn mun þurfa að rýsa uppúr votlendinu vera vel sýnilegur í opnu landslag, i ekki einungis frá viðkomustöðum ferðamanna, heldur heimamanna líka.
- Það er ekki boðlegt við vinnslu á aðalskipulagi að ný veglína sé ekki nákvæmlega útfærð á skipulagstillöguna sem nú er lögð fram af sveitarstjórn, sambanber viðtali við Elínu Einarsdóttur oddvita Mýrdalshrepps í síðdegisútlvarpi Ríkisútlvarpsins, Rásar 2, þann 9. nóvember 2011.

*Undirrituð hvetur sveitarstjórn Mýrdalshrepps til að hverfa frá hugmyndum um færslu veglínu þjóðveggar 1 og styðja þess í stað endurbætur á núverandi vegarstæði í Gatnabrún sem Vegagerðin leggur til. Sá kostur hlífir náttúrunni, bætir öryggi og greiðfærni til muna, er í tillögu að samgönguáætlun 2012-2022, og kostar brot af áætluðum kostnaði við færslu veglínu þjóðveggar 1.*

21. nóvember 2011

Virðingarfyllst,

Erla Bil Bjarnardóttir, kt. 130447-3339

Strandvegi 23,

210 Garðabæ

Netfang: bil@internet.is